

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 7/1989.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ingvari Oddgeiri Magnússyni

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuleyfis. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1988 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til staðfestingar á sakfellingu ákærða, en þyngingar refsingar.

Hér fyrir dómi var því haldið fram af hálfu ákærvalds, að líta bæri til þess að ákærði hefði rofið skilorð dóms, sem kveðinn var upp í sakadómi Kópavogs 3. ágúst 1984. Sá dómur var birtur ákærða 21. maí 1985. Mál þetta var í héraði þingfest 3. október 1988 og hafði eigi áður farið fram rannsókn með þeim hætti, sem greinir í 60. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Var skilorðstíminn, 3 ár, þá liðinn. Telst ákærði því ekki hafa rofið skilorðið.

Með skírskotun til héraðsdóms ber að refsa ákærða fyrir brot gegn lagaákvæðum þeim, sem ákært er fyrir. Refsing þykir með tilliti til sakarferils ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Oddgeir Magnússon, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Ólafs Hallgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 3. október 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 28. apríl 1988, „á hendur Ingvari Oddgeiri Magnússyni, Hófgerði 9, Kópavogi, fæddum 18. desember 1963 í Reykjavík, fyrir að aka föstudaginn 28. nóvember 1986, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 61158 um götur í Kópavogi, þar til lögregla stöðvaði akstur hans á Kópavogshálsi við bensínafgreiðslu Skeljungs.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir að föstudaginn 28. nóvember 1986 veitti lögreglan bifreiðinni R 61158 athygli, þar sem henni var ekið að bensínstöð Skeljungs á Kópavogshálsi. Lögreglan hafði tal af ökumanni sem reyndist vera ákærði í máli þessu, Ingvar Oddgeir Magnússon, en samkvæmt skjalaskrá lögreglunnar hafði hann verið sviptur ökuréttindum ævilangt frá 21. maí 1985.

Ákærði hefur gefið skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglu og fyrir dómi. Þar viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni R 61158 28. nóvember 1986 og að hann hefði þá verið sviptur ökuréttindum ævilangt.

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- | | | |
|------|-------|--|
| 1979 | | í Reykjavík. Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 15/10 1979. |
| 1979 | 23/10 | í Reykjavík. Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl. |
| 1983 | 11/5 | í Kópavogi. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 49. og 50. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 11/5 '83. |
| 1983 | 1/7 | í Kópavogi. Sátt: 6.000 kr. sekt f. brot g. 4. gr., 5. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. |
| 1984 | 3/8 | í Kópavogi. Dómur: 3 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr., hgl. 2. gr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 21/5 1985. |

1985 2/12 í Kópavogi. Sátt: 22.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl. og 248. gr. hgl.

1988 12/2 í Hafnarf. Dómur: 40.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

Brot ákærða er framið áður en dómur var kveðinn upp 12. febrúar sl. í sakadómi Hafnarfjarðar. Refsingu ákærða ber því að ákveða sem hegningarauka, sbr. 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þykir refsing hæfilega ákveðin með vísan til þess og þeirra refsilagaákvæða, sem sakfelld er eftir, svo og með vísan til sakarferils ákærða, varðhald í 10 daga.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Oddgeir Magnússon, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
